

Golfklúbburinn Setberg

Setbergi

221 Hafnarfjörður

www.gse.is



Ársskýrsla

2016

Setbergi 4. desember 2016

Skýrsla formanns

Tuttugasta og öðru starfsári Golfklúbbsins Setbergs er nú lokið og verður hér getið þess helsta sem gerðist á árinu.

Veður- og vallarmál

Gerður var samningur við Golfklúbbinn Keili vegna umhirðu á vellinum sem fól m.a. í sér að Golfklúbburinn Keilir sá um alla þá sérfræðipjónustu sem þörf er á, s.s. ráðgjöf, áburðargjöf, söndun, götun og sáningu. Hafði Bjarni Hannesson, vallarstjóri á Hvaleyrarvelli, yfirumsjón með umhirðu á vellinum, ásamt því að Guðbjartur Ásgeirsson starfsmaður Golfklúbbsins Keilis var þrjá daga í viku á Setbergsvelli. Golfklúbburinn Keilir hefur yfir að ráða mikilli sérþekkingu og fjölbreyttum tækjakosti og er það mat aðila samningsins að hægt sé að ná fram mikilli hagræðingu með samningi sem þessum.

Völlurinn kom ágætlega undan vetri. Nokkuð var þó um skemmdir í fimmtu og áttundu flöt og þurfti töluverða vinnu við að ná þeim flötum góðum. Eins voru nokkrir kalblettir í þriðju og níundu brautinni. Veðrið var mjög hagstætt yfir sumarið og tókst að laga skemmdirnar að mestu. Veðrið í vetur hefur enn sem komið er verið hagstætt og því standa vonir til að flatirnar verði góðar næsta vor.

Rekstur

Í byrjun árs voru 460 félagar skráðir í klúbbinn en 430 undir lok árs. Óbreytt fyrirkomulag var á aðgengi að vellinum. Sala á flatargjöldum var svipuð og árið áður. Aðsókn í mót hefur minnkað verulega.

Óbreytt fyrirkomulag var á rekstrinum, fyrir utan það að gerður var samstarfssamningur við Golfklúbbinn Keili.

Niðurstaða rekstrarins er nokkurn veginn í samræmi við fjárhagsáætlun. Hagnaður er af rekstri klúbbsins og hafa eignir hans aukist en eins og áður er klúbburinn skuldlaus.

Vélar, tæki og framkvæmdir

Fjárfest var í tækjum fyrir sláttuvélar, nýjum mottum fyrir æfingasvæðið og kúlum.

Lagt var í talsverðan kostnað við að laga þá staði á vellinum sem urðu fyrir skemmdum.

Unglingastarf

Unglinganámskeið voru haldin á vegum klúbbsins í júní og júlí.

Ólafur Jóhannesson IPGA golfkennari var golfkennari klúbbsins.

Félagsstarf

Konurnar í klúbbnum hittust á mánudögum og áttu frátekinn rástíma í u.þ.b. eina klukkustund. Fóru þær í heimsóknir til annarra klúbba ásamt því að konur úr Golfklúbbi Suðurnesja komu í heimsókn til þeirra.

Á þriðjudögum var í boði fyrir karlana að hittast og spila saman. Nýttu margir sér þetta. Stundum voru haldin níu holu mót innan hópsins.

Er stefnan að auka hópstarf innan klúbbsins enn frekar.

Sjálfboðavinnudagur var haldinn s.l. vor og var góð mæting af hálfu félaga.

Mót

Klúbburinn hélt nokkur mót á árinu, tvö opin mót, meistaramót, bikarkeppni, kvennamót og nokkur innanfélagsmót. Klúbbmeistari karla varð Helgi Birkir Þórisson og klúbbmeistari kvenna varð Jóhanna Sveinsdóttir. Bikarmeistari karla varð Þórður Einarsson og bikarmeistari kvenna varð Stefanía Arnardóttir.

Haldið var minningarmót um Helga Ragnarsson. Var það mót mjög vel sótt og var afrakstur mótsins nýttur til þess að fjárfesta í hjartastuðtæki og veglegum bekk sem er við fyrsta teig.

Vinavellir

Gerðir voru vinavallasamningar við Golfklúbb Borgarness, Golfklúbb Suðurnesja og Golfklúbbinn Hellu.

Stjórn klúbbsins skipuðu

Högni Friðþjófsson formaður, Björn Eysteinnsson varaformaður, Pétur Einarsson gjaldkeri, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Óskar Sigurmundason, Karl Ísleifsson og Þórarinn Sófusson meðstjórnendur.

Nefndir klúbbsins skipuðu

Mótanefnd: Heiðrún Harpa Gestsdóttir formaður, Hörður Gunnarsson og Árni Björn Erlingsson.

Vallarnefnd: Karl Johan Brune, Högni Friðþjófsson Gunnlaugur Guðjónsson og Pétur Einarsson.

Aganefnd: Þórarinn Sófusson, Óskar Sigurmundason, Örn Andrés�on, Ingólfur Teitur Garðarsson og Brynjar Sigtryggsson.

Forgjafarnefnd: Einar Sigurðsson formaður, Valdimar Axelsson og Pétur Einarsson.

Kvennanefnd: Bjarnheiður Jana Guðmundsdóttir formaður, Hildur Pétursdóttir og Ásta Edda Stefánsdóttir.

Einar Hjaltason sá um heimasíðuna www.gse.is.

Hola í höggi

Karl Johan Brune, 2. hola, Snorri Þór Daðason, 14. hola, Ívar Örn Halldórsson 2. hola og Karl Lilliendahl Viggósson 2. hola, skv. upplýsingum á heimasíðu Einherjaklúbbsins en kylfingar sjá sjálfir um að tilkynna afrekið.

Sveitakeppni Gólf sambands Íslands

Karlasveit klúbbsins spilaði í 1. deild sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Reykjavíkur. Sveitina skipuðu Hrafn Guðlaugsson, Helgi Birkir Þórisson, Ólafur Jóhannesson, Helgi Anton Eiríksson, Ragnar Þór Ragnarsson, Hjörtur Brynjarsson, Þorsteinn Erik Geirsson og Siggeir Vilhjálmsson. Sveitin endaði í 8. sæti og féll niður í 2. deild.

Kvennasveit klúbbsins spilaði í 2. deild sveitakeppni GSÍ í öldungaflokki og fór keppnin fram hjá Golfklúbbi Öndverðarness. Sveitina skipuðu Herdís Sigurjónsdóttir, Elín Reynisdóttir, Lovísa Hermannsdóttir, Jóhanna Margrét Sveinsdóttir, Gunnhildur Magnúsdóttir og Herdís Hermannsdóttir. Liðsstjóri var Sigrún Eir Héðinsdóttir. Sveitin endaði í 8. sæti.

Starfsmenn klúbbsins

Starfsmenn klúbbsins á vellinum voru Friðþjófur Einarsson, Hákon Pétursson og Árni Þórður Sigurðarson. Starfsmaður frá Keili var eins og áður segir Guðbjartur Ásgeirsson.

Um rekstur á golfskála sáu þau Kristjana Geirsdóttir og Tómas Freyr Marteinnsson.

Um útræslu sáu Karl Jóhan Brune og Jón Sigurðsson.

Árni Finnsson stóð skv. venju vaktina við að slá inn skorkort í mótum.

Framtíðarstarfsemi klúbbsins

Vegna áforma nýrra eigenda um þróun byggðar í Setbergslandi þarf klúbburinn að flytja starfsemi sína eftir nokkur ár. Nærtækast hefur þótt að horfa til landsvæðis í nágrenni Hvaleyrarvatns, sem aðalskipulag Hafnarfjarðar gerir ráð fyrir að verði fjölnota íþrótt- og útivistarsvæði með golfvelli, eins og ákveðið var við síðustu endurskoðun aðalskipulags. Það var að miklu leyti gert fyrir tilstilli Golfklúbbsins Keilis.

Í sameiningu leituðu golfklúbbarnir tveir til fleiri félagasamtaka sem ýmist hafa áhuga á að nýta svæðið eða hafa gert það fram að þessu, í von um að þróa megi aðlaðandi, vel hannaða og umhverfisvæna heildarlausn sem nýtist sem flestum þegnum samfélagsins. Klúbbarnir telja að með góðu samstarfi og skipulagi megi nýta golf og golfvallagerð á íþrótt- og útivistarsvæðinu sem frumkvæði í þágu samnýtingar fyrir önnur mannvirki á svæðinu og á innviðum eins og bílastæðum, búnings- og veitingaaðstöðu, sem leiðir af sér stærðarhagkvæmni fyrir samfélagið, lagfæringar á skemmdu landi og gerir það aðgengilegt sem flestum.

Við allra fyrstu skrefin höfum við notið ráðgjafar frá Edwin Roald, golfvallahönnuði og ráðgjafa sem hefur sérhæft sig í skipulagningu slíkra fjölnotasvæða. Hann hefur komið að hönnun á svæðum sem eru dæmi um vel heppnaða blöndun ólíkra landnotkunarkosta á eða við golfvelli, þar sem við sögu koma m.a. reiðleiðir, skógrækt, göngu-, hlaupa- og hjólastígar, gönguskíðaiðkun, stangveiði, fuglaskoðun, fræðsla um menningarsögulega arfleifð og margvísleg landbóta- og vistverndarverkefni.

Eins og að framan greinir liggur fyrir að klúbburinn þarf að flytja starfsemi sína eftir nokkur ár. Það er því mjög mikilvægt að byrjað verði fljótlega á því að byggja upp framtíðaraðstöðu fyrir klúbbinn. Eins liggur fyrir að á næstu misserum hefst uppbygging íbúðabyggðar í Skarðshlíð og mætti í tengslum við þá uppbyggingu nýta uppgröft til þess að móta brautir á nýjum golfvelli og sem undirlag undir mannvirki fyrir starfsemi annarra félagasamtaka, s.s. göngu- og hjólastíga, reiðstíga, æfingavelli o.s.frv. Mætti spara töluverða fjármuni með þessu.

Högni Friðþjófsson formaður.

Golfklúbburinn Setberg

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýring	2016	2015
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld		23.984.354	25.169.075
Tekjur af sölu vallargjalda		4.134.054	4.056.382
Tekjur af æfing svæði		208.500	228.600
Styrkir og framlög	1	1.655.000	1.705.000
Tekjur af mótum	2	1.634.400	1.633.900
Framlag ÍSÍ vegna Lotto		480.816	388.015
Framlag ÍSÍ vegna Getrauna		127.988	119.848
Vaxtatekjur		87.997	67.074
Rekstrartekjur samtals		32.313.109	33.367.894
Rekstrargjöld:			
Félagaskattur GSÍ		2.156.000	2.079.000
Sveitakeppni karla og kvenna	3	375.230	228.526
Umsjón skála		2.297.784	2.302.305
Verðlaun í mót	4	552.906	403.320
Kostnaður v/stjórnar nefnda		39.220	176.412
Innheimtukostnaður		252.237	242.385
Leiga á landi		5.913.615	5.584.594
Leiga á geymsluhúsnæði		750.000	
Kaup / leiga á vélum		1.250.000	2.100.000
Laun og launatengd gjöld		4.381.954	9.513.310
Viðhald og rekstur vallar	5	1.215.379	1.492.528
Viðhald og rekstur véla	6	2.753.822	2.619.804
Rekstur skála	7	1.202.416	820.630
Leiga á gámum/ WC		678.737	352.648
Æfing svæði boltar		675.352	0
Ræsing og umsjón		400.000	400.000
Aðkeypt þjónusta (Keilir og fl.)		5.406.132	44.488
Afskriftir		796.078	936.563
Afmæliskostnaður		0	268.152
Ýmis kostnaður	8	186.196	216.016
Rekstrargjöld samtals		31.283.058	29.780.681
Hagnaður ársins		1.030.051	3.587.214

Golfklúbburinn Setberg

Efnahagsreikningur ársins 2016

Eignir	2016	2015
Fastafjármunir:		
Sláttuvélar 2011	860.625	860.625
Golfbíll	143.438	143.438
Sláttuvélar 2012	478.125	478.125
Æfingasvæði / malbikun	2.000.000	2.000.000
Nýtt hús	500.000	500.000
Brautarsláttuvél 2014	3.825.000	3.825.000
Boltavél	400.000	400.000
Gámur	1.016.800	1.016.800
Fastafjármunir samtals	9.223.988	9.223.988
Veltufjármunir:		
Banka innistæður Íslandsbanki	2.657.649	1.988.467
Banka innistæður Landsbankinn	8.751.751	6.594.743
Veltufjármunir samtals:	11.409.400	8.583.210
Eignir alls	20.633.387	17.807.198
Skuldir og Eigið fé		
Eigið fé		
Eigið fé flutt frá fyrra ári	17.807.198	14.219.984
Hagnaður	2.030.111	3.587.214
Eigið fé samtals	19.837.309	17.807.198
Skuldir		
Skuldir samtals	0	0
Skuldir og eigið fé alls	19.837.309	17.807.198

Setbergi 4. desember 2016



Pétur Einarsson gjaldkeri

Höfum yfirfarið efnahags- og rekstrareikning þennan og er hann í samræmi við bækur félagsins. Það er álit okkar að ársreikningur þessi gefi góða mynd af fjárhag félagsins.



Örn Andrésson



Einar Sigurðsson

Golfklúbburinn Setberg

Skýringar með rekstrarreikningi

2016

1. Styrkir og framlög

Hafnarfjarðarbær	600.000
Styrktar og auglýsingasamningar fyrirtækja	1.055.000
Samtals	1.655.000

2. Mótatekjur

Forkeppni bikars	46.000
Góu mót 8.júní	50.000
Áskorandamót Íslandsbanka	159.000
Jónsmessa	80.000
Meistaramót	390.000
Opna Setbergsmótið	470.400
Góumót 3. ágúst	19.000
Góumót 19.ágúst	43.000
Opið mót 27.ágúst	252.000
Innanfélagsmót 23.sept.	51.000
Bændaglíma	74.000
Minningarmót um Helga Ragnarsson	425.000
Hjartastuðtæki	-216.429
Bekkur	-135.200
Samtals	1.634.400

3. Sveitakeppni karla og kvenna

Þátttökugjald	140.000
Ferðakostnaður	135.230
Annað	100.000
Samtals	375.230

4. Verðlaun í mót

Meistaramótið	330.570
Opna Setbergsmótið	100.000
Önnur mót	122.336
Samtals	552.906

5. Viðhald og rekstur vallar

Áburður	243.346
Sandur	282.944
Verkfæri	166.910
Rafmagn	210.300
Ýmislegt	311.879
Samtals	1.215.379

6. Viðhald og rekstur véla

Olía og bensín	649.193
Tryggingar	334.025
Verkfæri	83.631
Varahlutir og viðgerðir	1.686.973
Samtals	2.753.822

7. Rekstur skála

Tryggingar	40.722
Rafmagn	194.912
Sími og tölvukostn	295.965
Securitas hf.	163.802
Eldavél	97.990
Hitakútur	147.077
Ýmislegt, málning og fl.	261.948
Samtals	1.202.416

8. Ýmis kostnaður

Hreinsunardagur	49.180
Prentun ritföng	72.365
Ýmislegt	64.651
Samtals	186.196

Golfklúbburinn Setberg
Rekstraráætlun 2017

Rekstrartekjur:	Áætlun 2017	Rauntölur 2016
Félagsgjöld	24.500.000	23.984.354
Tekjur af sölu vallargjalda	4.000.000	4.134.054
Tekjur af æfingasvæði	200.000	208.500
Styrkir og framlög	1.500.000	1.655.000
Tekjur af mótum	1.500.000	1.634.400
Framlag ÍSÍ vegna Lotto	400.000	480.816
Framlag ÍSÍ vegna Getrauna	150.000	127.988
Vaxtatekjur	500.000	87.997
Rekstrartekjur samtals	32.250.000	32.313.109

Rekstrargjöld:		
Félagaskattur GSÍ	2.000.000	2.156.000
Sveitakeppni karla og kvenna	250.000	375.230
Umsjón skála	2.300.000	2.297.784
Verðlaun í mót	500.000	552.906
Kostnaður v/stjórnar nefnda	100.000	39.220
Innheimtukostnaður	250.000	252.237
Leiga á landi	6.000.000	5.913.615
Leiga á geymsluhúsnæði	1.000.000	750.000
Kaup / leiga á vélum	1.000.000	1.250.000
Laun og launatengd gjöld	4.000.000	4.381.954
Viðhald og rekstur vallar	1.500.000	1.215.379
Viðhald og rekstur véla	2.500.000	2.753.822
Rekstur skála	1.000.000	1.202.416
Leiga á gámum/ WC	1.000.000	678.737
Æfingasvæði boltar	400.000	675.352
Ræsing og umsjón	500.000	400.000
Aðkeypt þjónusta (Keilir og fl.)	6.000.000	5.406.132
Afskriftir	800.000	796.078
Ýmis kostnaður	500.000	186.196
Rekstrargjöld samtals	31.600.000	31.283.058

Hagnaður ársins	650.000	1.030.051
------------------------	----------------	------------------

Fjárfestingaráætlun:

Vélakaup	0	0
----------	---	---

Skýrsla og áritun stjórnar

Að álitum stjórnar Golfklúbbsins Setbergs koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að glöggva sig á stöðu félagsins 30. nóvember 2016, rekstrarreikningi frá 1. desember 2015 til 30. nóvember 2016 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Golfklúbbsins Setbergs staðfestir hér með ársreikning klúbbsins með áritun sinni.


Hafnarfirði, 4. desember 2016



Högni Friðbjósson




Pétur Einarsson



Þórarinn Sófússon



Sigrún Eir Héðinsdóttir



Biörn Evsteinnsson



Óskar Sigurmundason



Karl Ísleifsson

Úrslit móta 2016

Forkeppni bikars – 25. maí

Punktamót - karlar

- | | | |
|-----------------------------|---|---------|
| 1. Þorsteinn Erik Geirsson | – | 42 pkt. |
| 2. Jakob Bjarnar Grétarsson | – | 38 pkt. |
| 3. Ragnar Böðvarsson | – | 37 pkt. |

Punktamót - konur

- | | | |
|------------------------------|---|---------|
| 1. Lilja Jónína Héðinsdóttir | – | 32 pkt. |
| 2. Stefanía Arnardóttir | – | 25 pkt. |
| 3. Sigrún Eir Héðinsdóttir | – | 24 pkt. |

Innanfélagsmót 8. júní

Punktamót

- | | | |
|-------------------------------|---|---------|
| 1. Helga Sigurðardóttir | – | 24 pkt. |
| 2. Þorsteinn Már Þorsteinsson | – | 22 pkt. |
| 3. Guðmundur A Kristjánsson | – | 21 pkt. |

Jónsmessa – 25. júní

Setbergsscramble

1.sæti :

Jón Sigurðsson, Elín Reynisdóttir, Sigurbjörn Þorsteinsson

og Marinó Pétur Hafstein.

Innanfélagsmót GSE kvenna – 13. júní

Punktar

- | | | |
|---------------------------------|---|---------|
| 1. Hrönn Hallsdóttir | – | 32 pkt. |
| 2. Sigríður Lovísa Gestsdóttir | – | 31 pkt. |
| 3. Jóhanna Margrét Sveinsdóttir | – | 29 pkt. |

Helgi Ragg Open - 2. Júlí

Punktur

- | | | | |
|-----------------------------|-----|---|---------|
| 1. Gissur Ísleifsson | GK | – | 37 pkt. |
| 2. Ólafur Hreinn Jóhannsson | GSE | – | 35 pkt. |
| 3. Atli Geir Grétarsson | GSE | – | 34 pkt. |

Besta skor án forgjafar

- | | | | |
|-----------------------------|-----|---|----------|
| 1. Ólafur Hreinn Jóhannsson | GSE | – | 74 högg. |
|-----------------------------|-----|---|----------|

Meistaramót GSE – 5. – 9. júlí

18 holur – Höggleikur

Meistaraflokkur karla

- | | | |
|-----------------------------|---|-----------|
| 1. Helgi Birkir Þórisson | – | 292 högg. |
| 2. Siggeir Vilhjálmsson | – | 293 högg. |
| 3. Ólafur Hreinn Jóhannsson | – | 308 högg. |

Fyrsti flokkur karla

- | | | |
|----------------------------|---|-----------|
| 1. Þorsteinn Erik Geirsson | – | 326 högg. |
| 2. Einar Sigurðsson | – | 334 högg. |
| 3. Jón Sigurðsson | – | 344 högg. |

Annar flokkur karla

- | | | |
|--------------------------|---|-----------|
| 1. Daníel Jón Helgason | – | 353 högg. |
| 2. Stefán Aðalbjörnsson | – | 353 högg. |
| 3. Guðmundur Guðmundsson | – | 355 högg. |

Þriðji flokkur karla

- | | | |
|---------------------------|---|-----------|
| 1. Stefán Sigurðsson | – | 360 högg. |
| 2. Vilhjálmur Valgeirsson | – | 365 högg. |
| 3. Bjarni Kjartansson | – | 365 högg. |

18 holur – Punktar

Fjórði flokkur karla

- | | | |
|----------------------------|---|----------|
| 1. Guðvarður Þ Jakobsson | – | 138 pkt. |
| 2. Sigurbjörn Þorsteinsson | – | 131 pkt. |
| 3. Kristján Þór Henrysson | – | 128 pkt. |

Fimmti flokkur karla

- | | | |
|-----------------------------|---|---------|
| 1. Þorsteinn Arnalds | – | 88 pkt. |
| 2. Margeir Pétur Jóhannsson | – | 84 pkt. |
| 3. Þórður Gíslason | – | 81 pkt. |

Öldungaflokkur karla – 3 dagar

1. Óskar Hrafn Ólafsson – 91 pkt.
2. Ellert Schram – 88 pkt.
3. Halldór Þórðarson – 88 pkt.

Kvennaflokkur – 4 dagar

1. Jóhanna M. Sveinsdóttir – 144 pkt.
2. Heiðrún Harpa Gestsdóttir – 140 pkt.
3. Lovísa Hermansdóttir – 137 pkt.

Karla og kvennaflokkur – 9 holur punktar

1. Ingigerður Lára Daðadóttir – 54 pkt.
2. Indré Mandzickaité – 53 pkt.
3. Logi Guðmundsson – 53 pkt.

Opna Setbergsmótið – 1. ágúst

Punktar

1. Jóhann Adolf Oddgeirsson GK – 41 pkt.
2. Ágúst Ársælsson GVS – 40 pkt.
3. Bjarnþór Erlendsson GM – 40 pkt.

Besta skor án forgjafar

1. Ágúst Ársælsson GSE – 70 högg.

Innanfélagsmót – 3. ágúst

Punktar.

1. Herdís Sigurjónsdóttir GSE – 21 pkt.
2. Ívar Örn Halldórsson GSE – 19 pkt.
3. Björn Þorfinnsson GSE – 18 pkt.

Golfmót meistaranna – 13. ágúst

Texas scramble

1. Ragnar Böðvarsson og Atli Þór Ingvason – Cardiff
2. Ólafur Hreinn Jóhannesson og Karl Johan Brune – Manchester United
3. Hákon Pétursson og Hörður Pétursson – Tottenham

Innanfélagsmót – 19. ágúst

Punktar.

1	Sigurður Ben Guðmundsson	GSE	–	40 pkt.
2	Elín Reynisdóttir	GSE	–	40 pkt.
3	Bergur Reynisson	GSE	–	39 pkt.

Opið mót, 66° norður. – 23. ágúst

Punktar.

1.	Elvar Logi Rafnsson	GSE	–	42 pkt.
2.	Árni Finnsson	GSE	–	40 pkt.
3.	Þorri Björn Gunnarsson	GKG	–	40 pkt.
4.	Ellert Scrham	NK	–	38 pkt.
5.	Siggeir Vilhjálmsson	GSE	–	38 pkt.

Besta skor án forgjafar

1.	Siggeir Vilhjálmsson	GSE	–	71 högg.
----	----------------------	-----	---	----------

Innanfélagsmót – 23. september

Punktar.

1	Gunnar Björn Guðmundsson	GSE	–	24 pkt.
2	Ólafur Erling Ólafsson	GSE	–	20 pkt.
3	Guðlaug Eyþórsdóttir	GSE	–	20 pkt.

Bændaglíma – 1. október

Setbergsscramble

1. sæti

Herdís Sigurjónsdóttir

Margrét Elísabet Harðardóttir

Jónas Ymak

Þorsteinn Erik Geirson

2. sæti

Helmundur Rósinkrans

Lúðvík Þórisson

Sigríður Óladóttir

Úlfar Hinriksson

3. sæti

Jón Trausti Harðarson

Árni Þórður Sigurðsson

Árni Finnsson

Jón Sigurðsson

Bikarmeistari karla.

Þórður Einarsson

Bikarmeistari kvenna.

Stefanía Arnardóttir